

**507. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar  
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 20. desember 2016  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) aðalmaður,  
Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ) aðalmaður, Jón Örn Pálsson (JÖP)  
aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerðir og Ársreikningur 2016 - 1612025**

*Fundargerðin er til kynningar.*

**2. Atvinnu- og hafnarnefnd - 25 - 1609004F**

*Tekin til afgreiðslu fundargerð Atvinnu-og hafnarnefndar: Fundargerðin er í sex liðum og er einn liður tekin til afgreiðslu: Gjaldskrá hafnar. Aðrir liðir eru til kynningar.*

**2.1 1611028 - Hafnargjöld: vegna hafnagjaldareikninga**

Til kynningar.

**2.2 1611071 - Umhverfismál: Ábending vegna umgengni í Norður Botni.**

Til kynningar.

**2.3 1611037 - Hafnarmál: gjaldskrá 2017**

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Atvinnu-og hafnarnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa nýja gjaldskrá í B- deild stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.

**2.4 1611030 - Hafnarsamband Íslands: fundargerð 389**

Til kynningar

**2.5 1609001 - Skýrsla innanríkisráðherra um stöðu hafna**

Til kynningar.

**2.6 1611029 - Umhverfismál: alyktun hafnasambandsþings**

Til kynningar.

**3. Fræðslu-,menningar-,ípróttu-, æskulýðsnefnd - 14 - 161008F**

*Tekin til afgreiðslu fundargerð Fræðslu-,menningar-,ípróttu-, æskulýðsnefndar:  
Fundargerðin er í átta liðum og er einn liður tekin til afgreiðslu: Tillaga að gjaldskrá  
Ípróttahúss og tjaldsvæðis ársins 2017.  
Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.  
Samþykkt samhljóða.*

**3.1 1610034 - Bréf frá Menntamálaráðuneytinu til skólaráðs**

Til kynningar.

**3.2 1611033 - Námsgagnasjóður: nýjar úthlutunarreglur**

Til kynningar.

**3.3 1608022 - Upplýsingargjöf skólastjóra**

Til kynningar.

**3.4 1611032 - Leikskóli: gjaldskrá**

Til kynningar.

**3.5 1612003 - Reglur Tálknafjarðarhrepps um foreldragreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum.**

Sveitarstjórn fagnar því að Fræðslu-,menningar-, ípróttu og æskulýðsnefnd er að vinna að reglum um foreldragreiðslur. Hvetur nefndina vinna áfram að málinu  
Samþykkt samhljóða.

**3.6 1611066 - HHF : Aukin rekstrarstyrkur til HHF árið 2017 vegna ípróttaskóla**

Í drögum að Fjárhagsáætlun 2017, er ekki gert ráð fyrir hækkun á styrki. Sveitartjórn mun því taka málið til afgreiðslu á nýju ári, þegar frekari gögn liggja fyrir.  
Samþykkt samhljóða.

**3.7 1610037 - Tillaga að gjaldskrá vegna ípróttahúss 2017**

Sveitarstjórn samþykkir framlagað gjaldskrá vegna ípróttahúss, sundlaugar og tjaldsvæðis, með breytingum vegna ársins 2017.  
Samþykkt samhljóða.

**3.8 1611072 - Jólatré: Ljós kveikt á jólatréinu við Lækjartorg.**

Til kynningar.

**4. Til umsagnar 6. mál frá nefndasviði Alþingis - MJÖG STUTTUR FRESTUR - 1612049**

*Sveitarstjórn gat ekki skilað inn athugasemdum innan þeirra tímamarka sem krafist var.*

**5. Fjárhagsáætlun: Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2016. - 1612056**

*Sveitastjóri leggur fram viðauka við fjárhagsáætlun í desember 2016 fyrir reikningsárið 2016, í viðaukunum kemur fram lán til fasteignafélagsins 101 tálknafjörður að upphæð 15 milljónir frá sveitarfélaginu og annar viðauki að upphæð 30 milljónir þriðji viðauki er að upphæð 10,221 milljónir. Lán þessi eru væntanlega til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir sem þegar hafa farið fram. Það er með öllu óásættanlegt að sveitastjóri svona gróflega framúr fjárhagsáætlun og ættlist svo til þess að sveitarstjórn samþykki viðauka í lok árs fyrir framúrkeyrsluni þegar ekkert samráð hefur verið haft við sveitarstjórn á framkvæmdatímanum.*

*Ásgeir Jónsson.*

*Tekið er fundarhlé*

*Svar við bókun ÁJ*

*Á fundi sveitarstjórnar þann 17. febrúar s.l var eftirfarandi bókað:  
Sveitarstjórn samþykkir að lána kr 15 mkr til Fasteingafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. Lánið ber sömu vexti og eru á skammtímalánum. Láninu er ætlað að brúa fjármögnun á íbúðabyggingum þar til lokið hefur verið við langtímafjármögnun. Samþykkt samhljóða.  
Í fjárhagsáætlun ársins 2016, er gert ráð fyrir langatímaláni fyrir Fasteingafélagið að upphæð 10.255 þús kr. Einnig var gert ráð fyrir sölu rekstrarfjármuna að upphæð 10 mkr. En ekki hefur verið tekið lán né hefur tekist að selja rekstrarfjármuni.*

*Hvað varðar athugasemd ÁJ vegna viðauka 1.3 þá var gert ráð fyrir framlagi frá hinu opinbera að upphæð rúmar 30 mkr. , í samræmi við ný lög sem voru í smíðum. Umrædd lög tók gildi á miðju ári 2016 og er því hægt að sækja um framlag á næsta ári. En í fjárhagsáætlun ársins 2016 kemur þetta skýrt fram.*

*Ef Ásgeir Jónsson man ekki eftir hvað hann hefur samþykkt á fundum sveitarstjórnar, sbr fund frá því 17 febrúar s.l, eða að hafa haft fyrir því kynna sér fjárhagsáætlun sem samþykkt var þann 15. desember 2015, er ekki við sveitarstjóra að sakast.*

*Indriði Indriðason*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.1 í framlögðum gögnum að upphæð 2.000. þús. kr.*

*Samþykkt samhljóða*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.2 í framlögðum gögnum að upphæð 15.000 þús. kr.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn greiðir atkvæði á móti (ÁJ)*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.3 í framlögðum gögnum að upphæð 30.000 þús. kr.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn situr hjá.(ÁJ)*

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.4 í framlögðum gögnum að upphæð -7.418 þús. kr.*

*Samþykkt samhljóða  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.5 í framlögðum gögnum að  
upphæð 10.221 þús. kr.  
Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn situr hjá.(ÁJ)  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.6 í framlögðum gögnum að  
upphæð 5.000 þús. kr.  
Samþykkt samhljóða.  
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr. 1.7 í framlögðum gögnum að  
upphæð 10.000þús. kr.  
Samþykkt samhljóða.  
Sveitarstjóri lagði fram skjal þar sem áhrif viðauka eru sýnd á samstæðureikning  
sveitarfélagsins og jafnframt var gert ráð fyrir umræddum viðaukum við gerð  
fjárhagsáætlunar 2017.*

**6. Styrkumsóknir : Limgarður skógræktarfélag - 1612013**

*Sveitarstjórn samþykkir styrkbeiðnina og felur sveitarstjóra að gera viðauka við  
fjárhagsáætlun 2017 og leggja fram á næsta fundi.  
Samþykkt samhljóða.*

**7. Drög að samningi vegna ljósleiðara. - 1612050**

*Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita framlagðann  
Samstarfsamning um lagningu, eingarhald og rekstur ljósleiðara. við Snerpu ehf.  
vegna reksturs ljósleiðara í Tálknafirði.  
Samþykkt samhljóða.*

**8. Kauptilboð í fasteignina Miðtún 3b - 1612053**

*Sveitartjóri kynnti þær breytingar sem gerðar voru á kauptilboði. Sveitarstjórn  
samþykkitr að þær breytingar á kauptilboð og felur sveitarstjóra að undirrita öll skjöl  
varðandi söluna.  
Samþykkt með einu atkvæði (II) fjórir sátu hjá.*

**9. Íþróttahús áskriftarsamningur Centara afgangslukerfi. - 1612030**

*Til umræðu er Áskriftarsamningur vegna Centara afgangslukerfis fyrir Íþróttahús,  
sundlaug og tjaldsvæði. Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og er  
sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.  
Samþykkt samhljóða.*

**10. Lánasjóður sveitarfélaga: Lánasamningur nr 1611\_50 - 1612015**

*Afgreisðlu á umræddum samningi var frestað á síðasta fundi.  
Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum  
sveitarfélagsins:  
Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði  
sveitarfélaga að fjárhæð 55.000.000 kr. til 15 ára, í samræmi við samþykta skilmála  
lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur*

sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við hitaveitu og kaup á stjórnsýsluhúsi, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Indriða Indriðasyni, kt: 180465-4489, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Samþykkt með þremur atkvæðum, tveir sitja hjá, (EDJ) (ÁJ)

#### **11. Fjárhagsáætlun: 2017-2020. Síðari umræða. - 1612057**

*Fjárhagsáætlun 2017 -2020 tekin til síðari umræðu  
Í A-hluta voru helstu niðurstöður sem hér segir, upphæðir í þús. kr.:*

*Heildartekjur 306.769*

*Afkoma fyrir fjármagnsliði 9.547*

*Afskriftir 8.768*

*Afkoma ársins 5.258*

*Handbært fé 33.889*

*Eigið fé og skuldir 487.549*

*Skuldir og skuldbindingar 320.046*

*Eigið fé 167.504*

*Veltufjármunir 76.517*

*Skammtímaskuldir alls 108.280*

*Veltufé frá rekstri (til rekstrar) 11.839*

*Handbært fé frá rekstri 33.889*

*Fjárfestingar 28.000*

*Ný langtímalán 30.000*

*Afborganir langtímalána 25.290*

*Í samstæðu A og B hluta voru helstu niðurstöður þessar:*

*Heildartekjur 340.858*

*Afkoma fyrir fjármagnsliði 40.176*

*Afskriftir 13.618*

*Afkoma ársins 25.548*

*Handbært fé í árslok 33.891*

*Eigið fé og skuldir 623.770*

*Skuldir og skuldbindingar 329.510*

*Eigið fé 294.260*

*Veltufjármunir 66.354*

*Skammtímaskuldir alls 47.777*

*Veltufé frá rekstri (til rekstrar) 41.198*

*Handbært fé frá rekstri 33.889*

*Fjárfestingar 74.000*

*Ný langtímalán 60.000*

*Afborganir langtímalána 28.878*

*Eiginfjárhlutfall 47%*

*Skuldahlutfall 96,6%*

*Framlegðarhlutfall 17,9%*

*Veltufjárhlutfall 1,39*

*Helstu fjárfestingar eru sem hér segir:*

*Í eignasjóði 20.000 þús.kr.*

*Þjónustumiðstöð 8.000. þús kr.*

*Í B hluta 2.500 þús.kr.*

*Fjárhagsáætlun 2017 - 2020 er samþykkt sasmhljóða.*

## **12. Úrskurður Kjararáðs: Úrskurður Kjararáðs frá 30 október. - 1612058**

*Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun:*

*Að undanfögnu hafa verið töluverðar umræður um úrskurð Kjararáðs vegna hækkunar á þingfararkaupi. Ákvörðunarorð í umræddum úrskurði eru með öðrum hætti en tíðkast hefur, en þar segir:*

*Frá og með 1. nóvember 2016 skulu laun forseta Íslands vera 2.985.000 krónur á mánuði. Þingfararkaup skal vera 1.101.194 krónur á mánuði. Laun forsætisráðherra að meðtöldu þingfararkaupi skulu vera 2.021.825 krónur á mánuði. Laun annarra ráðherra að meðtöldu þingfararkaupi skulu vera 1.826.273 krónur á mánuði. Með vísan til 2. málslíðar 1. gr. laga nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað breytast laun alþingismanna og ráðherra frá og með 30. október 2016.*

*Í úrskurði Kjararáðs sem tók gildi þann 1. júní s.l. eru ákvörðunarorð þessi:*

*Laun þeirra sem ákvörðunarvald Kjararáðs nær til skulu hækka um 7,15% frá og með 1. júní 2016.*

*Í 4. gr. samþykktu um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum*

*Tálknafjarðarhrepps, grunnlaun sveitarstjórnarfulltrúa, segir:*

*Sveitarstjórnarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín fyrir sveitarfélagið sem nemur 5% af þingfararkaupi, eins og það er hverju sinni. Þessar greiðslur ná til vinnu vegna sveitarstjórnarmála almenn. Varaoddviti þiggur föst laun sem nemur 5% af þingfararkaupi ef oddviti er jafnframt sveitarstjóri. Oddviti fær laun sem nemur 10% af þingfararkaupi.*

*Þingfararkaup er miðað við launaflokk 130 í launatöflu 500, sem ákvörðuð er af Kjararáði og eru þau 762.940 kr., samkvæmt launatöflu frá því 1. júní s.l. Í sömu launatöflu er að finna launaflokk nr. 141 þar sem laun eru 1.101.194, einnig eru launaflokkar sem eru nr. 156 og 159 og eru þeir í takt við ákvörðunarorð Kjararáðs frá því í október s.l.*

*Á fundi þann 15. Nóvember s.l. hjá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps var málið tekið fyrir að beiðni eins fulltrúa og samþykkti sveitarstjórn að miða kjör sín áfram við launatöflu sem var í gildi þann 1. október s.l. Í kjölfarið á bókun og þeirrar umræðu sem var á fundinum fannst undirrituðum að það þyrfti að fá frekari skýringar á ákvörðunarorðum Kjararáðs. Óskaði ég eftir að endurskoðandi sveitarfélagsins myndi skoða hvort úrskurður Kjararáðs hefði áhrif á laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra.*

*Í fyrirspurn sem endurskoðandi sendi á skrifstofu Kjararáðs var spurt hvort að því hvort úrskurður Kjararáðs leiði til breytinga á launatöflu nr. 500 eða hvort verið sé að færa aðila sem úrskurðurinn nær til á milli launaflokka í töflunni. Einnig var spurt hvort gerðar verði breytingar á launatöflum sem birtar eru á heimasíðu Kjararáðs og gilda frá 1. júní 2016 í kjölfar úrskurðarins frá því í október.*

*Í svari frá Kjararáði kemur fram að nefndur úrskurður breytir ekki launatöflu Kjararáðs nr. 500 og hafa ekki verið teknar ákvarðanir um breytingar á henni. Í launasamningi sveitarstjóra sem er tengdur við ákvarðanir Kjararáðs, er ekki nefnt þingfararkaup.*

*Því mun ákvörðun Kjararáðs ekki hafa nein áhrif á laun sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps.*

*Indriði Indriðason*

## **13. Samgöngur : almennings og skóla - 1612048**

*Sveitarstjóra er falið að kalla eftir frekari upplýsingum.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### **14. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1612054**

*Mikil vinna hefur farið að undanförunu í gerð fjárhagsáætlunar 2017-2020. Nýtt bókhaldskerfi var tekið í notkun á árinu 2015, þar sem gamla kerfið uppfyllti ekki lengur þær kröfur sem gerðar eru. Helsti ávinningurinn af nýja kerfinu er að hægt er að fá mun ítarlegri upplýsingar úr bókhaldskerfinu en áður. Innleiðing á nýju kerfi hefur tekið tíma, þar sem einnig hafa orðið breytingar á starfsmannahaldi á skrifstofu sem hefur tafið ferlið enn frekar. Í síðustu viku var sett upp fjárhagsáætlunarkerfi í bókhaldskerfinu og fer ný fjárhagsáætlun þar inn. Sveitarstjórn og forstöðumenn geta þá fengið samanburð á fjárhagsáætlun og rauntölum málaflokka og deilda mánaðarlega og verið þ.a.l. fyrr og betur upplýst um rekstur sveitafélagsins. Einnig er verið að yfirfara verkferla við tekjuskráningu í öllum deildum, þ.á.m. að uppfæra kassakerfi í íþróttahúsi. Með nýju kerfi er hægt að fá mun ítarlegri sundurliðanir á tekjuskráningu í íþróttahúsi, sundlaug og tjaldsvæði.*

*Nýlega fékk sveitarfélagið staðfestingu Þjóðskjalasafns Íslands á því að málalyklar í skjalakerfi sveitarfélagsins uppfylltu kröfur sem gerðar eru af Þjóðskjalasafninu. Skjalavistunarkerfi sveitarfélagsins hefur verið rekið í samstarfi við Vesturbyggð. Ábending barst sveitarfélaginu að ekki væri heimilt að tvö sveitarfélög væru með sameiginlegt skjalakerfi. Á árinu var því sett upp sér kerfi fyrir Tálknafjarðarhrepp. Kerfið var því sett upp með það að leiðarljósi að það uppfyllti kröfur Þjóðskjalasafns Íslands. Námskeið var haldið nýverið fyrir starfsmenn og var það mjög gagnlegt. Verið að klára tengja flestar stofnanir sveitarfélagsins við ljósleiðara og mun það draga úr kostnaði við net- og símaþjónustu svo um munar. Sveitarstjórn sýndi mikla fyrirhyggju þegar ákveðið var að leggja ljósleiðarann. Með því þjónustar sveitarfélagið alla sína starfsemi með besta móti og með ljósleiðaratengingu á tjaldsvæðið er hægt að bjóða ferðamönnum upp á bestu mögulega nettengingu sem völ er á. Stofnlögn fyrir hitaveitu inn í þorpið er í höfn og verður það verkefni sveitarstjórnar að taka ákvörðun um framhaldið á nýju ári. Einnig er búið að tengja Tálknafjarðakirkju við hitaveitu og þar er sveitarstjórn að efna gamalt loforð sem gefið var þegar kirkjan var byggð.*

*Vatnslögn var lögð samtímis hitaveitulögn inn í þorpið, en gamla lögnin var orðin mjög léleg og var hún ekki nægjanlega stór til að anna skóla- og íþróttahúsi. Jafnframt var settur upp nýr brunahani við skólann, þar sem eldri brunahani uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru. Þá var settur upp nýr brunahani við kirkjuna, en þar hafði ekki verið brunahani áður og endurnýjaður brunahani í Bugatúni ásamt aðliggjandi vatnslögn.*

*Á árinu voru byggðar tvær íbúðir í Bugatúni. Um er að ræða 130 fm íbúðir í parhúsi og eru þær tengdar hitaveitu Tálknafjarðar. Íbúðirnar eru nánast tilbúnar og er vonast til að þær komist í leigu innan tíðar. Mikill uppbygging í er Tálknafirði í tengslum við fiskeldi, seiðaeldisstöð hjá Artic-Smolt er að rísa í Norður-Botni, eitt hús af þremur nánast fullbúið og annað að verða fokhelt. Áætlanir eru um uppbyggingu hjá Bæjarvík ehf á Gileyri, en fyrirtækið rekur þar seiðaeldisstöð fyrir Arnarlax. Þegar mannfjöldabreytingar eru skoðaðar frá árinu 1998 til 2016 hefur íbúum í Tálknafirði fækkað um 40 manns, þar af 38 á síðasta ári. Það er undarlegt að á sama tíma og einhver mesta uppbygging í sögu Tálknafjarðar stendur yfir fækkar íbúum, en með breytingum í atvinnulífinu og með aukinni þjónustu mun byggðin okkar vaxa og dafna sem aldrei fyrr.*

*Sveitarstjóri verður í sumarfrí frá 2. janúar til og með 13. janúar 2017.*

*Sveitarstjóri vill óska íbúum Tálknafjarðarhrepps gleðilegara jóla og farsældar á nýju ári.*

15. **Fjórðungssamband Vestfirðinga: Áætlun framlaga á árinu 2017 - 1612036**  
*Til kynningar.*
16. **Stjórnunar- og verndaráætlun, náttúruvættið Surtarbrandsgil - 1612040**  
*Til kynningar.*
17. **Umsókn: Brennuleyfi - 1612044**  
*Til kynningar.*
18. **Innanríkisráðuneytið: Svar við erindi, dags 2. september 2016. - 1612055**  
*Til kynningar.*

Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 17 janúar 2017.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:12.**

---

Indriði Indriðason (II)

---

Kristinn Hilmar Marinósson  
(KHM)

---

Eva Dögg Jóhannesdóttir  
(EDJ)

---

Jón Örn Pálsson (JÖP)

---

Ásgeir Jónsson (ÁJ)